

1. Skilgreining áhættu og öryggissvæða

1.1 Áhættuflokkur I

Spennuhafa raforkuvirki með aðveituspennu 132 kV / 33 kV og dreifispennu 11 kV. Undir þennan flokk falla aðveitustöðvar Veitna.

1.2 Áhættuflokkur II

Spennuhafa raforkuvirki með aðveituspennu 11 kV og dreifispennu 400/230. Undir þennan flokk falla allar dreifistöðvar Veitna.

1.3 Áhættuflokkur III

Almenn rými starfsfólks í aðveitu og dreifistöðvum sem eru afmörkuð með læstri hurð frá spennuhafa háspennueiningum, þannig að engin samgangur er mögulegur án sérstaks lykils.

2. Skilgreining aðgangsheimilda, lyklakerfis og aðgangskorta

2.1 Dreifikerfi innanbæjar

A – Aðgangur: Veitir aðgang að virkjum í áhættuflokki I, II og III. A lykill gengur að öllum aðveitu- og dreifistöðvum Veitna.

B – Aðgangur: Veitir aðgang að virkjum í áhættuflokki I, sem eru rekin sameiginlega með öðrum aðilum. B lykill gengur að aðveitustöðinni hjá Korpu, í eigu Landsnets og Veitna.

C – Aðgangur: Veitir aðgang að virkjum í áhættuflokki II og III. C lykill gengur að öllum dreifistöðvum Veitna og almennum rýmum í aðveitustöðvum.

D – Aðgangur: Veitir aðgang að virkjum í áhættuflokki III þ.e. almennum rýmum starfsfólks í aðveitu og dreifistöðvum. D lykill gengur að almennum rýmum starfsfólks í aðveitu- og dreifistöðvum.

2.2 Aðgangskortakerfi

Um aðgangskort gilda sömu skilgreiningar og fyrir lyklakerfin sem hafa verið nefnd að ofan.

3. Aðgangshæfi

Starfsfólk sem hafa aðgangshæfi að raforkuvirkjum Veitna eru tilgreindir í [aðgangs og lyklaskrá Veitna](#).

Ábyrgðarmaður (eða fulltrúar hans) metur hæfi annarra aðila hverju sinni út frá reynslu og þekkingu viðkomandi og með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til starfsfólks um aðgangshæfi.

4. Tilvísanir

[Kunnáttumannalisti Veitna](#)
[Aðgangs og lyklaskrá Veitna](#)